

Öllum nemendum er boðið til ókeypis skólaspjalls 20. september 2017

Sendu bekkinn þinn í ferðalag um Norðurlöndin

Smellið [hér](#) til að lesa um Norræna skólaspjallið á sænsku, norsku, finnsku, íslensku, grænlandsku, færeysku og samísku.



Skráðu bekkinn þinn til leiks á www.nordeniskolen.org og sendu hann í könnunarleiðangur um Norðurlöndin á Norræna skólaspjallinu 20. september 2017.

Norræna skólaspjallið er haldið ár hvert og stendur öllum grunnskólanemendum á Norðurlöndum til boða og er þeim að kostnaðarlausu. Mörg þúsund barna og unglinga ræða saman þvert á landamæri Norðurlandanna í rúllandi myndspjalli og hending ein ræður því hvaða viðmælandi birtist næst á skjánum og hvar á Norðurlöndunum sá hinn sami er staddur!

Viljir þú gefa bekknum þínum tækifæri til að taka þátt, geturðu skráð þig [hér](#) á Nordeniskolen.org

Spjallið fyrir 4.-7. bekk felst í svokallaðri Landaleit. Nemendur eiga að giska á hvar á Norðurlöndunum hinir nemendurnir á spjallinu eru staddir – einungis með því að spyrja já-/nei-spurninga. Með þeim hætti gefst nemendum tækifæri til að æfa sig í að skilja nágrannatungurnar norsku, sænsku og dönsku, um leið og þeir fræðast um norræna landafræði, menningu landanna og tungumál þeirra. Þú getur einnig prentað út kort handa nemendum þar sem þeir geta merkt inn hvaðan viðmælendur þeirra á spjallinu koma.

Spjallið fyrir 8.-10. bekk er hin svokallaða Spurningastund. Það er nýjung þar sem nemendur frá öllum Norðurlöndunum hittast og spyrja hvern annan spurninga, sem gefa þeim innsýn í líkindi og mun á milli Norðurlandanna. Fyrir Spurningastundina undirbúa nemendur spurningar handa jafnöldrum sínum á Norðurlöndunum og efninu ráða þeir alfarið sjálfir. Að Spurningastundinni lokinni geta nemendur svo sagt frá því, sem þeir hafa lært um það hvernig það er að vera ungur í nágrennalöndunum.

Nemendur ráða hraðanum sjálfir og þegar ýtt er á hnappinn 'Næste' á spjallinu birtist nýr hópur nemenda frá handahófskenndum stað á Norðurlöndunum.

Spjallið fer fram á vefslóðinni www.nordeniskolen.org. Engrar sérstakrar skráningar er krafist eða mikils tæknilegs undirbúnings, en nemendur verða þó að hafa aðgang að tölvu með myndavél og hljóðnema, heyrnartólum auk þess að geta stuðst við vafrana Firefox eða Google Chrome. Því miður er hvorki hægt að nota spjaldtölvur né snjallsíma. Spjallið hefur verið endurbætt og ætti því að ganga hnökralaust fyrir sig. Þú getur prufukeyrt spjallið í netkerfi þínu frá 1. september <link> og er það vissara því eldveggir og annað geta valdið tæknilegum örðugleikum.

Skólaspjallið og kennsluvefurinn nordeniskolen.org eru fjármögnuð af Norræna ráðherraráðinu og Nordisk Sprogkoordination. Á vefnum nordeniskolen.org má nálgast kennsluefni auk annars fræðsluefnis í formi leikja, myndbanda o.fl. handa skólum á öllum Norðurlöndunum.

Ath. Skráðu þig og bekkinn þinn endilega til leiks á nordeniskolen.org fyrir 20. september til að komast hjá töfum í netkerfinu, sem geta myndast ef álagið verður mikið á elleftu stundu.

Tengiliðsupplýsingar:

Fyrir frekari upplýsingar: Verkefnastjóri, Thomas Henriksen, sími +4526116267, thomas@fnfnorden.org

Ljósmynd sem nota má með fréttum má nálgast [hér](#)

Sjá kynningarmyndband um Norræna skólaspjallið [hér](#)

Skráðu þig á nordeniskolen.org [hér](#)

Fylgdu Norden i Skolen á Facebook [hér](#)

Følg Norden i Skolen på Facebook [hér](#)

Staðreyndir:

- Norræna skólaspjallið var sett á laggirnar árið 2015 á vefnum nordeniskolen.org, þar sem boðið er upp á kennsluefni fyrir grunnskóla. Vefsíðan er á vegum Sambands Norrænu Félaganna (Foreningerne Nordens Forbund) og er fjármögnuð af Norræna ráðherraráðinu og Nordisk Sprogkoordination.
- Tilgangur Norræna skólaspjallsins er að efla samnorrænan tungumála- og menningarskilning.
- Samband Norrænu Félaganna (FNF) eru regnhlífarsamtök fyrir öll Norrænu félögin á Norðurlöndunum ásamt félaginu Norræn æska (Foreningerne Nordens Ungdom, FNU). Meginviðfangsefni FNF er að samhæfa starf Norrænu félaganna, sem hefur að leiðarljósi að efla norrænt samstarf á öllum sviðum, ásamt því að stuðla að auknu samstarfi milli Norðurlandanna. Í augum FNF eru samnorrænn tungumála- og menningarskilningur auk

viðræðna og samræðna þvert á landamæri máttarstoð þess verkefnis að efla Norðurlöndin sem svæði.